

Skipulags- og samgönguráð

Dags. 11.12.2020

Tillaga um gjaldskyldu á almennum bílastæðum á lóð Landspítalans við Eiríksgötu 5

Lagt er til að skipulags- og samgönguráð samþykki með tilvísun í 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 eftirfarandi:

Að almenn bílastæði á lóð við Eiríksgötu 5, sem sýnd eru á meðfylgjandi korti, verði gerð gjaldskyld og að svæðið verði skilgreint sem gjaldsvæði 4 með gjaldskyldutíma virka daga frá kl. 8-16.

Greinargerð:

Með bréfi, dags. 22. október 2020, óskaði Landspítalinn eftir því við Bílastæðasjóð Reykjavíkur að almenn bílastæði við Eiríksgötu 5 verði gerð gjaldskyld þar sem um næstu áramót mun þar opna nýtt göngudeildarhús. Göngudeildarhúsið mun bæta þjónustu sjúklinga verulega en tryggja þarf að sjúklingar og aðstandendur þeirra geti lagt sem næst göngudeildarhúsinu. Gjaldskyld stæði á umræddum stað yrði til þess fallin að mæta þörfum sjúklinga og aðstandendum þeirra um bílastæði nærri inngöngum spítalans.

Skrifstofa sviðsstjóra
umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar,

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
skrifstofustjóri



Hjálagt:

Kort af lóð Eiríksgötu 5

Yfirlitskort úr borgarvefsjá

Bréf Landspítalans, dags. 22. október 2020



Mynd 1. Nýtt gjaldskylt svæði á Eiríksgötu 5.



Mynd 2. Nýtt gjaldskylt svæði á Eiríksgötu sýnt í Borgarvefsjá.



Reykjavík 22. október 2020

Bílastæðasjóður Reykjavíkur
BT. Kolbrún Jónatansdóttir
Borgartún 12-14,
105 Reykjavík

Efni. Ósk um gjaldskyldu á Eiríksgötu 5 - Göngudeildarhús Landspítala.

Landspítalinn óskar eftir því við Bílastæðasjóð, að gjaldskylda verði sett á merkt bílastæði á Eiríksgötu 5, þar sem nýtt göngudeildarhús opnar eftir áramót. Óskað er eftir því að P4 gjaldflokkur gildi fyrir svæðið og tveir gjaldmælar verði settir upp. Skoða þarf sérstaklega staðsetningu þeirra og velta mætti fyrir sér mætti hvort þeir ættu heima inni í anddyri hússins.

Nýtt göngudeildarhús mun bæta þjónustu Landspítala við sjúklinga verulega, en tryggja þarf að sjúklingar og aðstandendur þeirra geti lagt sem næst inngöngum. Sem og fyrr óskar Landspítali eftir nokkru samráði við þessa framkvæmd til að tryggja að upplýsingagjöf um fyrirhugaðar breytingar skili sér til sjúklinga, aðstandenda þeirra, nema og starfsfólks spítalans, áður en gjaldskylda hefst.

Virðingarfyllt

Helgi Björn Ormarsson

Verkefnastjóri – Fasteignadeild LSH

AUGLÝSING
um gjaldskyldu á almennum bílastæðum á lóð við Eiríksgötu 5 í Reykjavík.

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur hefur, í samræmi við c-lið, 1. gr. viðauka 1.1 við Samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, og í samræmi við 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. reglur um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

Að almenn bílastæði á lóð við Eiríksgötu 5, sem sýnd eru á meðfylgjandi korti, verði gerð gjaldskyld og að svæðið verði skilgreint sem gjaldsvæði 4 með gjaldskyldutíma virka daga frá kl. 8-16.


Ákvörðunin tekur þegar gildi.

Skrifstofa sviðsstjóra
umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar,
XX. desember 2020

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
skrifstofustjóri



Mynd 1. Nýtt gjaldskylt svæði á Eiríksgrötu 5.



Mynd 2. Nýtt gjaldskylt svæði á Eiríksgrötu sýnt í Borgarvefsjá.